

Tillaga til 424. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 25. október 2018

Tillaga 1034. fundar bæjarráðs frá 15. október sl., um að sérreglur fyrir Ísafjarðarbæ vegna byggðakvóta 2018-2019 verði óbreyttar frá fyrra ári.

6. Byggðakvóti fiskveiðiárið 2018/2019 - 2018100024

Lagt er fram bréf Jóhanns Guðmundssonar og Annasar Jóns Sigmundssonar, f.h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, dags. 2. október sl., þar sem byggðakvóti fiskveiðiársins 2018/2019 er auglýstur til umsóknar.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að sérreglur fyrir Ísafjarðarbæ vegna byggðakvóta 2018-2019 verði óbreyttar frá fyrra ári.

Sérreglur fyrir Ísafjarðarbæ vegna byggðakvóta 2017-2018 var svohljóðandi:

„Ákvæði reglugerðar nr. 604/2017 gilda um úthlutun byggðakvóta Ísafjarðar, Hnífsdals, Þingeyrar, Flateyrar og Suðureyrar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

a) Ákvæði a-liðar 1. gr. breytist og verður: Hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni, sbr. 4. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, eða frístundaveiðileyfi skv. 2. tl. 4. mgr. 6. gr. sömu laga, við lok umsóknarfrests.

b) Ákvæði c-liðar 1. gr. breytist og verður: Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í sveitarfélaginu 1. júlí 2017.

c) Ákvæði 1. málsl. 1. og 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess afla-marks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal fyrst úthluta bátum með frístundaleyfi sbr. a-lið, 1 þorskígildistoni á bát, 40% af því sem eftir stendur skal skipt jafnt milli annarra skipa, þó ekki meira, í þorskígildum talið, en viðkomandi bátur landaði á fiskveiðiárinu 2016/2017, afganginum skal skipt hlutfallslega, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, sem landað var innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2016 til 31. ágúst 2017.

Afli af fiskiskipum sem landað er í sveitarfélaginu af bátum sem ekki eru skráðir innan sveitarfélagsins, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr.

d) Ákvæði 1. málslíðar 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður þannig: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlaga á tímabilinu frá 1. september 2017 til 31. ágúst 2018, Ísafjarðarbær getur þó heimilað að aflanum sé landað innan sveitarfélags með áritun á umsókn viðkomandi um byggðakvóta.“